

Mánudaginn 13. marz 1972.

Nr. 77/1971. **Sverrir Sædal Kristjánsson**
(Hafsteinn Baldvinsson hrl.)

gegn

Sjóváttryggingarfélagi Íslands h/f
(Hákon Árnason hdl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson,
Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason og prófessor Ármann
Snævarr.

Váttrygging.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. júní 1971.

Krefst hann þess, „að viðurkennt verði . . . , að váttryggingarsamningur sá um líf- og örorkutryggingu, að fjárhæð kr. 400.000.00 fyrir hvern hinna þriggja skipverja, sem fórust með m/b Dagnýju, SF 61, sem Erlingur Viggósson gerði fyrir hönd áfrýjanda laugardaginn 8. marz 1969 við umboðsmann Sjóváttryggingarfélags Íslands h/f í Stykkishólmi, Benedikt Lárusson, skuli metinn gildur og skuldbindandi fyrir félagið gagnvart þeim váttryggingaratburði, er báturinn fórst á leið sinni frá Höfn í Hornafirði til Stykkishólms“.

Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en áfrýjandi, sem hafði gjafsókn í héraði, fékk gjafsókn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 24. maí 1971.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málsatvik eru rakin í héraðsdómi.

Eigi verður á það fallt með áfrýjanda, að 16. gr., 17. gr., sbr. 2. tl. 2. gr., eða önnur ákvæði laga nr. 43/1947 leiði til þess beint eða fyrir lögjöfnun, að kröfur hans á hendur stefnda verði teknar til greina, og ekki hefur kröfugerð hans

heldur stoð í 6. tl. 7. gr. laga nr. 63/1961, sbr. 1. gr. laga nr. 71/1962.

Áfrýjanda var ljóst, þegar tryggingarinnar var beiðzt hjá umboðsmanni stefnda í Stykkishólmi, að bátsins var saknað og leit hafin. Ber því að sýkna stefnda af kröfum áfrýjanda með vísun til 7. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 20/1954.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um greiðslu málskostnaðar.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði. Þóknun lögmanns áfrýjanda ákveðst kr. 80.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hans, Hafsteins Baldvinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 80.000.00.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 15. marz 1971.

1.0.

1.1. Mál þetta er höfðað með stefnu, þingfestri 14. nóvember 1969. Málið var munnlega flutt 1. marz s.l. og dómtekið að því loknu.

Stefnandi málsins er Sverrir Sædal Kristjánsson sjómaður, til heimilis að Skúlagötu 7, Stykkishólmi.

Stefndi er Sjóváttryggingarfélag Íslands h/f, Reykjavík.

Stefnandi gerir þessar dómkröfur í málinu:

„Að viðurkennt verði með dómi, að váttryggingarsamningur sá um líf- og örorkutryggingu, að fjárhæð kr. 400.000.00 fyrir hvern hinnt þriggja skipverja, sem fórust með m/b Dagnýju, SF 61, sem Erlingur Viggósson, Stykkishólmi, gerði f. h. stefnanda laugardaginn 8. marz 1969 við Benedikt Lárusson, umboðsmann félagsins í Stykkishólmi, skuli með þeim gildur og skuldbindandi fyrir félagið gagnvart þeim váttryggingaratburði, er báturinn fórst á leið sinni frá Höfn í Hornafirði til Stykkishólms.

Jafnframt er þess krafizt, að stefnda verði gert að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu skv. gjaldskrá L. M. F. Í., eins og málið væri ekki gjafsóknarmál“.

Stefndi hefur krafizt þess að verða sýknaður af kröfum stefnanda og að honum verði tildæmdur málskostnaður úr hendi hans.

Með bréfi dómsmálaráðherra, dags. 6. október 1969, var stefnanda veitt gjafsókn hér fyrir dómi til að höfða mál þetta.

Sátt hefur verið reynd í málinu, en sú viðleitni hefur ekki borið árangur.

2.0.

2.1. Í febrúarmánuði 1969 festi stefnandi kaup á vélbátnum m/b Dagnýju, SF 61. Nokkrum dögum áður en stefnandi keypti bátinn, hafði farið fram aðalskoðun á búnaði hans og vél. Vitnaframburður og önnur gögn benda til þess, að hvort tveggja hafi verið í fullnægjandi ástandi.

Báturinn var afhentur í Höfn í Hornafirði. Stefnandi hafði ráðgert í félagi við þá Hrein Pétursson skipstjóra og Jón Sigurðsson vélstjóra, báða úr Stykkishólmi, að sækja bátinn austur og flytja hann þaðan til Stykkishólms, en þeir félagar höfðu áður ráðgert að gera bátinn þaðan út í félagi.

Ekki kom þó til þess, að stefnandi færi sjálfur austur í Hornafjörð til þess að sækja bátinn, enda kvaðst hann sjálfur hafa þurft að annast ýmsar útréttingar í Reykjavík vegna útgerðar bátsins. Hins vegar fékk stefnandi Gunnar Þórðarson, skipstjóra úr Reykjavík, til þess að fara með þeim Hreini og Jóni austur í Hornafjörð.

Upplýst er, að þann 4. marz 1969, milli kl. 1200 og 1300, óskaði Hreinn Pétursson eftir því, að hann sjálfur ásamt þeim Jóni Sigurðssyni og Gunnari Þórðarsyni yrðu lögskráðir á m/b Dagnýju. Hreppstjóri Hafnarhrepps, Gunnar Snjólfsson, kveðst í framhaldi af því hafa fært nöfn þessara manna í skipshafnar-skrána, en þeir hafi aldrei komið til þess að undirrita hana. Gunnar kvaðst ekki muna, hvort hann hefði innt skipstjórann eftir því, hvort hin sammingsbundna slysatrygging væri í lagi, en ekki kveðst hann hafa krafizt þess, að sér væri sýnd skilríki fyrir því. Hann kvaðst hins vegar hafa talið víst, að búið væri að kaupa þá tryggingu. Þann sama dag, kl. 1230, sendi hreppstjórinn símskeyti til sýslumannsins í Stykkishólmi, þar sem tilkynnt er, að áðurgreindir þrír menn hafi verið skrásettir á m/b Dagnýju til einnar viku.

Skipið var af öðru leyti í tryggingu hjá Skipatryggingu Austfjarða.

Gögn málsins benda til þess, að m/b Dagný hafi látið úr Höfn um hádegisbilið fimmtudaginn 6. marz 1969. Sennilega um kl. 1900 þann 7. marz 1969 fékk stefnandi símskeyti frá skipstjóra m/b Dagnýjar, og hljóðaði það svo: „Vorum staddir við Garðskaga kl. 18.00. Getum orðið í Reykjavík 21.00 til 22.00. Allt gengur vel“.

Stefnandi kveðst því ekki hafa óttast neitt um skipið og talið allt í lagi, en þegar liðið hafi á kvöldið minnti stefnanda, að hann hafi haft samband við Slysavarnafélagið. M/b Dagný hafi verið kölluð upp um kl. 2300, en ekkert svar hafi borið. Í samráði við Slysavarnafélagið hafi ekkert frekar verið gert þar til kl. 0100 þann 8. marz, að send hafi verið út leitarbeiðni. Á sama tíma stóð yfir leit að öðru skipi, v/s Fagranesi, en leit að því hafði verið hafin þá fyrr um kvöldið.

Í útdrætti úr dagbók Reykjavíkur radió 8. marz má sjá m. a. eftirfarandi:

„Kl. 00.05 kallaður út viðskiptalisti á öllum vinnutíðnum á tali. Viðskipti fyrirbyggjandi við: ... Dagný, SF 61, Kl. 01.50 send út tilkynning frá S. V. F. Í. vegna Dagnýjar, SF 61 ...“.

Þessi síðastnefnda tilkynning var síðan endurtekin öðru hverju um nóttina.

Í vitnaframburði Hannesar Þ. Hafsteins forstjóra kemur fram, að fyrstu viðbrögð S. V. F. Í. hafi verið að biðja Reykjavíkur radió um að halda áfram að kalla í bátinn, sem þeir hafi stöðugt gert, og jafnframt hafi allir hafnarverðir í verstöðvum við Faxaflóa og á Suðurnesjum verið beðnir um að svipast um eftir bátinum þar í höfnunum. Þetta hafi engan árangur borið, og hafi þá verið kallað út til allra leitarflokka, sem þá þegar hafi verið farnir að svipast um eftir v/s Fagranesi, og þeim tilkynnt, að óttast væri um Dagnýju. Fleiri björgunarsveitir hafi verið kallaðar á vettvang til fjöruleitar. Þá hafi einnig verið kallað til allra báta við Garðskaga og í Faxaflóa og þeir beðnir um að hefja skipulagða leit. Strax í birtingu næsta morgun hafi verið hafin leit úr flugvélum.

Tvö skip voru á svipuðum slóðum og m/b Dagný að kvöldi 7. marz 1969, m/b Valur, RE 7, og Kári Sölmundarson, RE 2.

Ingólfur Kristjánsson, skipstjóri á m/b Val, RE 7, hefur fyrir dómi skýrt svo frá, að hann hafi verið að koma úr róðri á báti sínum að kvöldi 7. marz 1969. Á leiðinni frá Stafnesi og út á

móts við Sandgerði hafi m/b Þórarinn Ólafsson verið 200—300 m á undan honum, en þeir fylgdust að. Á móts við Sandgerðisund kveðst hann hafa séð til báts rétt á eftir, bakborðsmegin, og þekkti, að þar var Dagný á ferð. Fylgdist hann með Dagnýju, sem var rétt á eftir honum, þar til hann fór að beygja út af Skaga til austurs, og telur, að hann hafi farið fyrir Skaga í um 2ja sjómílna fjarlægð frá vitanum. Strax og komið hafi verið fyrir Skagann, hafi ísing tekið að hlaðast á bátinn og hafi verið mikil ísing á leiðinni til Reykjavíkur. Eftir að komið var fyrir Garðskaga, hafi hann farið út á brúarvænginn og litið aftur fyrir skipið, en þá aðeins séð einn bát, m/b Þórarinn Ólafsson, en skipstjórinn sagðist ekki hafa séð til Dagnýjar og taldi, að hún hefði snúið við og haldið til Sandgerðis. Skipstjórinn kvaðst síðast hafa séð til Dagnýjar, er hún hafi verið rétt sunnan við Röstina. Straumhnúta kvaðst hann hafa séð, þegar hann fór fyrir Skagann, en kvaðst þó telja, að sæmilegt ferðaveður hafi verið fyrir sinn bát. Hann kvaðst halda, að allt að 8 vindstig hafi verið.

Skipstjórinn á Kára Sölmundarsyni, RE 2, Óli Guðmundsson, hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að hann hafi þann 7. marz 1969 verið staddur 25—30 sjómílu vestur af norðri frá Garðskaga. Um hádegisð hafi skollið á aust-norðaustan hvassviðri, eins og hendi væri veifað, og hafi síðan fljótlega gert svartan byl. Vitnið kveðst hafa gert sjóklárt og haldið til lands um kl. 1930. Veðrið hafi jafnað sig nokkuð eftir því sem á daginn leið og muni hafa verið um 7 vindstig, er þeir héldu til lands. Mjög vont sjólag hafi verið, frá því að hvessti um hádegisð. Lítið frost hafi þó verið framan af deginum, en það hafi harðnað eftir því sem á daginn leið og verið komið í ÷ 5—6 stig seinni part dagsins þarna úti. Vitnið kvaðst hafa haldið sleitulaust til lands með um 7 mílna ferð og hafi þeir verið komnir upp undir Skaga um kl. 1100 um kvöldið. Hafði verið heldur verra fyrir Skagann, eins og venjulegt sé, en þó ekki slæmt. Þegar komið hafi verið inn fyrir Skagann, hafi sjólag og veður verið betra, en um 10—12 sjómílu út af Gróttu hafi veðrið aftur versnað og hafi frost einnig aukizt. Vitnið sagðist hafa komið í höfn um kl. 0230 og hafi báturinn verið mjög mikið ísaður. Það kvaðst ekki hafa orðið vart við bátana Dagnýju og Fagranes.

M/b Dagný kom aldrei fram. Þann 20. marz 1969 fannst planki rekinn á Eyrarbakka fjörur, sem talinn er geta hafa verið úr m/b Dagnýju. Nokkru síðar fannst gúmbjörgunarbátur á Kjálarnesi, sem sagður var úr m/b Dagnýju.

2.2. Síðari hluta föstudags 7. marz, milli kl. 1500 og 1600, kveðst stefnandi, sem þá var staddur í Reykjavík, af tilviljun hafa átt símtal við formann verkalýðsfélagsins í Stykkishólmi, Erling Viggósson, út af öðru tilefni. Hafi Erlingur í símtali þessu innt stefnanda eftir því, hvort hann hefði tryggt áhöfn bátsins. Stefnandi kveðst hafa svarað því til, að svo væri ekki, og beðið Erling um að sjá um tryggingu áhafnarinnar, en sjálfur kvaðst stefnandi hafa haft í öðru að snúast. Kvaðst stefnandi ekki hafa vitað um skyldu sína til þess að tryggja áhöfnina og því ekki áður gert reka að því að tryggja áhöfnina sjálfur.

Erlingur Viggósson kvað stefnanda í nefndu símtali hafa beðið sig um að snúa sér til umboðsmanns stefnda í Stykkishólmi, Benedikts Lárussonar. Kveðst hann hafa þá þegar reynt að ná í umboðsmanninn, en ekki tekizt. Á milli kl. 0900 og 1000 á laugardagsmorguninn 8. marz 1969 kveðst Erlingur hafa hitt umboðsmanninn á skrifstofu hans í Stykkishólmi, óskað eftir nefndri tryggingu og gefið umboðsmanninum upp nöfn mannanna á bátunum. Ekki kveðst Erlingur minnst þess að hafa talað um, að tryggingin ætti að gilda frá því, að skipið lagði af stað frá Höfn í Hornafirði, en þó mætti það vera. Benedikt hafi ekki getið þess, að neitt væri því til fyrirstöðu, að félagið tæki að sér trygginguna. Kveðst hann hafa hitt umboðsmanninn síðar þennan sama dag og hafi þá umboðsmaðurinn staðfest við sig að hafa þá fyrr um daginn tilkynnt trygginguna til aðalskrifstofunnar í Reykjavík.

Ekki kvaðst Erlingur hafa vitað, að skipsins væri saknað, þegar hann bað um trygginguna, og ekkert um það heyrt fyrr en um miðjan dag á laugardag, þegar óstaðfestar sögur hafi tekið að berast um það.

Í vitnaframburði Benedikts Lárussonar segir, að Erlingur Viggósson hafi komið til sín á laugardagsmorguninn 8. marz 1969 milli kl. 0900 og 1000 til þess að biðja um umrædda tryggingu. Erlingur hafi beðið um, að tryggingin gildi frá þeim tíma, sem m/b Dagný lét úr höfn í Hornafirði, a. m. k. kvaðst vitnið hafa gengið út frá því, og kvaðst vitnið ekki hafa gert neinar athugasemdir við það. Það kvaðst hafa tekið á móti tryggingarbeiðninni munnlega, en þó ritað niður nafn skipsins og einkennisstafi. Kvaðst það ekki hafa náð í aðalskrifstofuna fyrir hádegi á laugardaginn, en hins vegar náð í Guðna Guðmundsson, fulltrúa Sjóvátryggingarfélagsins, á heimili hans í hádeginu. Benedikt kvað sér ekki hafa verið kunnugt um, að skipsins væri

saknað, þegar Erlingur bað um trygginguna, en milli kl. 1100 og 1200 sama dag kveðst hann hafa frétt þetta og því vitað það, er hann átti samtalið við Guðna.

Benedikt kvaðst hafa tilkynnt Guðna um tryggingarbeiðnina og hafi hann lofað að koma henni áleiðis. Þó kvaðst vitnið muna, að Guðni hafi spurt sig, hvort eitthvað hafi komið fyrir skipið, en vitnið kveðst hafa svarað: „Ekki svo ég viti“.

Vitnið kvaðst hafa gefið Guðna upp nafn skipsins, einkennisstafi og ef til vill nöfn skipverja og minnti sig fastlega að hafa einnig sagt Guðna, frá hvaða tíma tryggingin ætti að gilda.

Um kvöldið hafi Axel Kaaber, skrifstofustjóri stefnda, hringt í sig og spurt sig um tryggingarbeiðnina. Hann hafi frétt, að bátsins væri saknað, og beðið sig um að hafa samband við stefnanda og tilkynna honum að koma til sín á skrifstofuna á mánudagsmorguninn. Vitnið bar ekki á móti því, að Axel hafi í samtali þessu þvertekið fyrir það að taka umrædda tryggingu. Vitnið kvaðst hafa haft samband við þá báða, stefnanda og Erling, og sagt þeim, að Axel vildi hafa samband við þá, en einnig kvaðst vitnið minna að hafa sagt þeim frá undirtekningu Axels.

Vitnið upplýsti enn fremur, að það teldi sig ekki hafa heimild til þess að gera slíka tryggingarsamninga á eigin spýtur án þess að fá til þess leyfi aðalskrifstofunnar. Það kvaðst telja sig þurfa að hringja ávallt suður til þess að fá staðfestingu, þegar um meiri háttar tryggingar væri að ræða. Það kvað útibúið í Stykkishólmi ekki auglýsa sérstaklega tryggingarstarfsemi, og vitnið kvaðst vera eini starfsmaður útibúsins.

Vitnið kvaðst ekki muna glögglega, hvort umrædd tryggingarbeiðni væri sú fyrsta sinnar tegundar, sem komið hefði til sinna kasta. Ekki kvaðst vitnið hafa gert á eigin ábyrgð tryggingarsamning um bifreiðartryggingu, sem verkað hafi átt aftur í tímann.

Vitnið Guðni Þorláksson Guðmundsson kvaðst vera innheimtustjóri hjá hinu stefnda fyrirtæki og af þeim sökum hafa talsverð viðskipti við umboðsmenn félagsins úti á landi. Það kvaðst ekki hafa umboð til þess að samþykkja tryggingarbeiðnir, en kvaðst flytja slík skilaboð áfram. Það kvað Benedikt hafa hringt í sig í hádeginu þann 8. marz 1969 og spurt sig að því, hvort vitnið vildi taka á móti tryggingu fyrir áhöfn á báti. Vitnið kvað eitthvað hafa legið í loftinu um það, að verið væri að leita að báti, og því spurt Benedikt, hvort í lagi væri með skipið. Benedikt hafi svarað, að hann vissi ekki annað en að í lagi væri með skipið og

að það hefði lagt af stað í gær eða fyrradag að austan. Kveðst vitnið þá hafa svarað því til, að þá yrði tryggingin tekin frá þessari stundu. Sagði vitnið, að Benedikt hefði gefið sér upp fjölda þeirra skipverja, sem tryggingarbeiðnin skyldi taka til, enda væri í tryggingarskríteinum aðeins getið um fjölda yfirmanna og undirmanna, án þess að vikið væri að nöfnum. Skömmu síðar um daginn kveðst vitnið hafa haft samband við Axel Kaaber skrifstofustjóra og tilkynnt honum um framangreinda tryggingarbeiðni. Í því samtali hafi komið fram, að Axel hafi vitað, að verið væri að leita að skipum, og hafi Axel sagzt mundu hringja í Benedikt til þess að tala betur við hann út af tryggingarbeiðninni.

Vitnið Axel Kaaber, skrifstofustjóri stefnda, hefur hér fyrir dómi skýrt svo frá, að það hafi þá strax um laugardagsmorguninn 8. marz 1969 orðið vart við, að verið var að leita að m/b Dagnýju. Kvaðst það þá þegar um morguninn um kaffileytið hafa spurt starfsfélaga sína að því, hvort umboðsmenn Dagnýjar væru með nokkra tryggingu hjá stefnda, og hafi sér verið svarað, að svo væri ekki.

Eftir hádegi hafi Guðni Guðmundsson tjáð sér, að umboðsmaður Sjóvá í Stykkishólmi hafi beðið um tryggingu fyrir áhöfn Dagnýjar. Vitnið kvaðst strax hafa tekið fram við Guðna, að ekki kæmi til mála að taka þessa tryggingu. Kvaðst Axel hafa náð sambandi við umboðsmann Sjóvá í Stykkishólmi skömmu fyrir kvöldmat og sagt honum, að ekki kæmi til mála að taka þessa tryggingu, þar sem um hana hafi verið beðið, eftir að báturinn hefði farizt.

Kvaðst hann hafa falið umboðsmanninum að tilkynna eigendum og umboðsmönnum Dagnýjar þessa niðurstöðu og jafnframt að þeir gætu haft samband við starfsmenn aðalskrifstofunnar, hvenær sem væri eftir helgina. Skrifstofustjórinn skýrði frá því, að yfirleitt samþykkti stefndi engar beiðnir um tímabilstryggingar, sem látnar væru gilda aftur fyrir sig. Hann kvaðst sjálfur aðeins muna eftir einu tilviki á 35 ára starfstíma, þar sem slíkt hafi komið fyrir, en þar hefði verið um að ræða viðskiptamann, sem hefði haft 20—30 ára samfelld viðskipti við félagið. Hann kvað það ekki venju að tilkynna umboðsmanni eða tryggingartaka sérstaklega, hvort tryggingarbeiðnin hefði verið samþykkt, en væri tryggingarbeiðni ekki samþykkt, þá sé slík niðurstaða tilkynnt. Ef tryggingarbeiðnin sé samþykkt, þá sé það oftast gert þegar í stað munnlega og miðast við þann tíma, er hún barst um-

boðsmanni félagsins. Hann sagði, að umboðsmenn félagsins úti á landi hefðu alls enga heimild til þess að samþykkja slíkar tryggingar og hér væri um deilt. Ekki kvaðst hann heldur muna eftir því, að nokkrum umboðsmanni hefði verið gefin sérstök heimild til slíks, jafnvel ekki stærstu umboðunum. Vitnið Axel Kaaber kveðst hafa spurt stefnanda að því eftir slysið í viðtali við hann, hvers vegna hann hafi ekki hringt í aðalskrifstofuna í Reykjavík, úr því hann hafi verið staddur í borginni á venjulegum skrifstofutíma. Stefnandi hafi svarað því til, að með þessari aðferð hafi hann ætlað að fá aukagjaldfrest á iðgjaldinu. Sagði Axel, að iðgjaldsins væri ekki krafizt, fyrr en tryggingarskrírteini lægi tilbúið hjá umboðsmanni, og væri þannig unnt að vinna nokkurn aukagjaldfrest. Stefnandi hefur ekki mótmælt þessu og tekið fram, að bæði hafi hann verið fjárvana og þurft nokkurn gjaldfrest, en auk þess hafi tími sinn verið naumur.

Í aðiljaskýrslu stefnanda segir, að hann hafi fengið skilaboð frá áðurnefndum Benedikt á laugardagskvöldið 8. marz um að hafa samband við Axel Kaaber n. k. mánudag (11. marz 1969). Benedikt hafi ekki minnzt á nein vandræði að öðru leyti. Stefnandi kveðst hafa farið á aðalskrifstofuna í samræmi við þessi skilaboð og í för með honum hafi verið Sigurður Ágústsson alþingismaður. Er þangað var komið, hafi þeim verið sagt, að Axel væri erlendis. Í samráði við starfsmann stefnda kveðst stefnandi hafa komið aftur á mánudeginum þeim næsta, einnig ásamt Sigurði Ágústssyni, og hafi þeir þá hitt fyrir Axel Kaaber. Á þessum fundi kveðst stefnandi fyrst hafa fengið vitneskju um það, að stefndi ætlaði ekki að greiða bætur.

Í málinu hefur verið lagður fram umboðssamningur á milli stefnda og umboðsmanns hans í Stykkishólmi. Í honum er m. a. að finna þessi ákvæði:

„1. gr. Sjóváttryggingarfélag Íslands h.f. felur yður hér með umboð til þess samkvæmt ákvæðum í samningi þessum að taka við váttryggingum og útvega tryggingar með þeim skilyrðum, sem felast í prentuðum eyðublöðum váttryggingarskrírteina félagsins. Starfsemi umboðsmanns er fyrst og fremst fólgin í því að afla félaginu góðra trygginga, gæta hagsmuna þess, er skaða ber að höndum, og annast það annað, er snertir umboðsstörfin samkvæmt því.

Verði yður boðin trygging á öðru en því, sem felst í ofanefndri málsgrein, ber yður að leita samþykkis aðalskrifstofunnar, áður en endanlega er gengið frá slíkri tryggingu.

8. gr. Skipatryggingar.

Leita þarf samþykkis aðalskrifstofunnar, áður en skipatrygging er tekin. Skip og þær tryggingar, er beinlínis fylgja skipum, svo sem trygging afla, veiðarfæra og farangurs skipverja, slysatryggingar skipshafna og slíkar tryggingar skulu alltaf bornar undir aðalskrifstofuna, áður en þær eru samþykktar“.

3.0.

3.1. Stefnandi heldur því fram, að rök mæli með því að líta svo á, að hér sé um skyldutryggingu að tefla. Því til stuðnings vísar hann til laga nr. 2/1969, þar sem boðið sé að taka slíka tryggingu, lög nr. 63/1961, þar sem skráningarstjóra sé skylt að ganga úr skugga um, að líf- og slysatryggingar skipverja séu í gildi og í samræmi við gildandi kjarasamninga, og loks í lög nr. 43/1947, aðallega 2. gr. og 16. og 17. gr., sem hann telur, að hér eigi við. Verði eigi á þetta fallizt, telur stefnandi engu að síður, að bindandi váttryggingarsamningur hafi komizt á. Hann telur, að með tryggingarbeiðni Erlings Viggóssonar, sem hann hafi gert laugardagsmorguninn 8. marz 1969 milli kl. 0900 til 1000 á skrifstofu umboðsmanns Sjóvá í Stykkishólmi, Benedikts Lárussonar, hafi stofnast bindandi samningur á milli aðilja máls þessa. Engum athugasemdum hafi verið hreyft við tryggingarbeiðninni og váttryggingarsamningurinn staðfestur af umboðsmanni Sjóvá síðar þennan sama dag. Stefnandi telur, að Benedikt Lárusson hafi haft umboð til þess að gera umræddan váttryggingarsamning. Því til stuðnings hefur hann m. a. vísað til 2. gr. laga nr. 62/1913.

Stefnandi telur váttryggingarsamninginn hafa tekið gildi frá þeim tíma, er skipið lagði af stað frá Höfn í Hornafirði. Við gerð váttryggingarsamningsins þann 8. marz 1969 hafi þess verið óskað, að váttryggingin gildi frá þeim tíma, sem skipið lagði af stað. Umboðsmanni Sjóvá hafi verið fullkunnugt um, að skipið var lagt af stað í þá ferð, þegar váttryggingin hafi verið tekin, og engri athugasemd verið hreyft við því efnisákvæði samningsins né hafi fyrirvari verið gerður af hálfu félagsins.

Stefnandi heldur því fram, að Erlingur Viggósson hafi verið í góðri trú um, að þær upplýsingar, sem hann gaf umboðsmanni Sjóvá, væru réttar, þegar hann gerði váttryggingarsamninginn við hann laugardaginn 8. marz 1969. Með hliðsjón af ákvæðum 5. gr. laga nr. 20/1954 sé því stefndi skuldbundinn til þess að standa við váttryggingarsamninginn.

Enn telur stefnandi, að með hliðsjón af 8. gr. laga nr. 20/1954

sé tilkynning sú, að félagið teldi sig ekki bundið af samningnum, allt of seint fram komin, en sú tilkynning hafi fyrst komið fram í viðtali við Axel Kaaber 24. marz 1969.

3.2. Stefnandi mótmælir fullyrðingum stefnanda um, að greiðsluskylda félagsins leiði að lögum. Vanræksla á að kaupa ýmsar tegundir trygginga, sem útgerðarmönnum sé skylt samkvæmt kjarasamningum að kaupa, geti aðeins leitt til persónulegrar ábyrgðar fyrir útgerðarmann.

Undir rekstri málsins hefur stefnandi alfarið mótmælt því, að váttryggingarsamningur hafi komið á. Áður nefndur Benedikt Lárusson hafi aðeins tekið á móti váttryggingarbeiðni Erlings Viggóssonar og komið henni á framfæri við aðalskrifstofuna í Reykjavík. Allir vitnaframburðirnir hnigi að þessu. Aðalskrifstofan í Reykjavík hafi hins vegar ekki samþykkt váttryggingarbeiðnina og hafi stefnanda strax verið gerð ljós sú niðurstaða.

Jafnvel þó svo yrði litið á, að váttryggingarsamningur hefði komið á, þá mótmælir stefnandi því, að sá samningur geti verið afturvirkur. Hann telur ljóst, að váttrygging geti ekki náð til þeirra atvika, er þegar hafi gerzt, þegar um hana sé beðið. Vitneskja aðilja skipti þá engu máli, um sé að ræða svo veigamikilið atriði, að engum dytti í hug að biðja um váttryggingu, eftir að váttryggingaratburðurinn hefði gerzt, hvað þá að nokkurt váttryggingarfélag tæki að sér váttrygginguna. Því er alfarið mótmælt, að váttryggingarsamningurinn hafi átt að gilda aftur fyrir sig, þótt svo yrði litið á, að hann hefði komið á.

Enn bendir stefnandi á, að jafnvel þótt litið yrði svo á, að váttryggingarsamningur hefði komið á og samið hefði verið um, að hann ætti að gilda aftur fyrir sig, þá sé slíkur samningur samt ógildur samkvæmt 32. gr. samningalaganna. Þannig hafi stefnandi sjálfur vitað, er beiðni um váttrygginguna var fram borin við umboðsmann stefnda, að skip hans var týnt, og það sé sú vitneskja, sem hér skipti máli.

4.0.

4.1. Stefnandi var eigandi og útgerðarmaður m/b Dagnýjar í umræddri ferð. Samkvæmt heildarkjarasamningi, sbr. lög nr. 2/1969, var honum skylt að kaupa váttryggingu þá, sem hér er um deilt. Réttur stefnanda til höfðunar máls þessa verður því ekki vefengdur, enda hefur honum ekki verið mótmælt.

Eigi verður talið, að hinu stefnda félagi hafi verið skylt samkvæmt lögum nr. 63/1961, lögum nr. 43/1947 eða öðrum réttarheimildum að vátbyggja umræddan bát, án þess að beiðni um

slíka váttryggingu kæmi fram. Málssóknin verður því ekki á slíkum rökum reist.

Stefnanda máls þessa var strax um kvöldið þann 7. marz 1969 kunnugt um, að óttast mætti um afdrif m/b Dagnýjar. Ekki kvaðst hann halda, að hann hefði tilkynnt um hvarf bátsins til Stykkishólms fyrr en undir morgun á laugardaginn 8. marz 1969, en taldi þó, að eitthvað hefði verið farið að kvisast um afdrif bátsins þá áður um nóttina.

Í 2.1. var vikið að tilkynningum og leit í tilefni af hvarfi m/b Dagnýjar.

Stefnandi heldur því fram, að með tryggingarbeiðni, sem sett var fram á laugardagsmorguninn 8. marz 1969 milli kl. 0900 og 1000 á skrifstofu umboðsmanns stefnda í Stykkishólmi, hafi komið á bindandi váttryggingarsamningur milli aðilja máls þessa.

Jafnvel þótt svo yrði litið á, verður að telja stefnda lausan allra mála, þegar miðað er við vitneskju stefnanda um áhættuna, þegar tryggingarbeiðnin kom fram, sbr. 6. og 7. gr. laga nr. 20/1954, enda er ljóst, að stefndi hefði ekki tekið á sig váttrygginguna, ef hann hefði vitað um málavöxtu. Stefnanda var tilkynnt um hina neikvæðu afstöðu stefnda á fundi þann 23. marz 1969. Þá tilkynningu verður að telja nægjanlega, eins og hér stóð á.

Af þessum ástæðum ber að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Málskostnaður til stefnanda ákveðst kr. 126.340.00 og greiðist úr ríkissjóði, þar af hljóti skipaður talsmaður stefnanda, Hafsteinn Baldvinsson hæstaréttarlögmaður, kr. 113.000.00 í málflutningslaun.

Dóm þennan kvað upp Stefán M. Stefánsson borgardómari ásamt meðdómsmönnum Gauki Jörundssyni prófessor og Emil Ágústssyni borgardómara.

Dómsorð:

Stefndi, Sjóváttryggingarfélag Íslands h/f, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Sverris Sædals Kristjánssonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Málskostnaður stefnanda, kr. 126.340.00, greiðist úr ríkissjóði, þar af hljóti skipaður talsmaður, Hafsteinn Baldvinsson hæstaréttarlögmaður, kr. 113.000.00 í málflutningslaun.